

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 16. apríl 2013 í máli nr. E-1294/2012:

A

(Tinna Björk Gunnarsdóttir hdl.)

gegn

Vátryggingafélagi Íslands hf.

(Jón Edvald Malmquist hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 6. mars sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af A, [...], á hendur Vátryggingafélagi Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík, með stefnu birtri 29. mars 2012.

Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefnda verði gert að greiða honum 4.146.330 kr. með 4,5% ársvöxtum af 504.600 kr. frá 14. september 2007 til 14. október 2007, af 4.146.330 kr. frá þeim degi til 4. nóvember 2011 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 1.283.564 kr. sem stefndi greiddi þann 3. nóvember 2011 og 452.211 kr. sem stefndi greiddi þann 28. febrúar 2012.

Þá krefst stefnandi þess að stefnda verði dæmt til að greiða honum málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Stefndi gerir aðallega þá kröfu að hið stefnda félag verði sýknað af öllum kröfum stefnanda og því tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins en til vara að stefnukröfur verði stórlækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Málavextir

Atvik málsins gerðust þann 14. september 2007 þegar stefnandi ók bifreiðinni [...] vestur Vífilstaðaveg að gatnamótum Reykjanesbrautar. Þegar hann nálgast gatnamótin breyttust umferðarljós úr grænu og yfir í gult ljós. Hann gaf bifreiðinni þá inn til að ná yfir gatnamótin en missti þá stjórn á henni með þeim afleiðingum að hún valt.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu kemur fram að akreinar á umræddum gatnamótum liggja mishátt þannig að akreinin með akstursleið í suður liggur mun hærra en akreinin með akstursleið í norður. Í skýrslunni er bókað eftir stefnanda að hann hefði verið á um það bil 80 kílómetra hraða á klukkustund (km/klst.) þegar

slysið átti sér stað en á þessum vegarkafli er leyfilegur hámarkshraði 60 km/klst. Þá er í skýrslunni bókaður framburður tveggja vitna sem voru á gatnamótunum þegar slysið átti sér stað. Annars vegar er það framburður B sem lýsti slysinu þannig að hann hafi verið stopp á rauðu ljósi á Reykjanesbraut til suðurs þegar bifreið stefnanda hefði verið ekið frekar hratt inn á gatnamótin og að bifreiðin hefði stokkið upp í um eins metra hæð. Þegar bifreiðin lenti hefði hún farið út fyrir veginn og endað á hvolfi. Hins vegar er það framburður C sem lýsti atvikum þannig að hún hafi verið að koma akandi austur Vífilsstaðaveg þegar hún hafi séð hvar bifreið stefnanda var ekið vestur Vífilsstaðaveg. Hefði bifreiðinni verið ekið fremur hratt og hefði hún stokkið upp á gatnamótunum og endað á hvolfi utan við veginn.

Jafnframt kemur fram í lögregluskýrslu að slysið átti sér stað í dagsbirtu og að færð hafi verið góð, veður þurr og að yfirborð vegarins hafi verið malbikað. Þá segir í skýrslunni að vetrarhjólabarðar hafi verið á bifreið stefnanda að aftan og vinstra megin að framan en hægra megin að framan hafi verið slitinn sumarhjólabarði.

Með matsgerð, dags. 5. ágúst 2011, komust dómkvaddir matsmenn, þeir Sigurður Ásgeir Kristinsson og Ingvar Sveinbjörnsson, að þeirri niðurstöðu að orsakatengsl lægu fyrir milli atviksins og líkamstjóns stefnanda og að afleiðingar slyssins séu einkenni frá brjóstbaki sem leiða upp í herðar og niður í mjóbak. Vegna þess mátu þeir varanlega örorku stefnanda 5%, varanlegan miska 5 stig og tímabil þjáninga einn mánuð án rúmlegu. Heilsufar stefnanda telst stöðugt frá 14. október 2007.

Með bréfi, dags. 4. október 2011, krafði stefnandi stefnda um 2.684.928 kr. í bætur vegna slyssins á grundvelli matsgerðarinnar. Með tölvupósti, dags. sama dag, féllst stefndi á að slysið væri bótaskyldt að 1/2 hluta, á grundvelli 90. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Í samræmi við það greiddi stefndi stefnanda þann 4. nóvember 2011 1.283.564 kr. Stefnandi tók við þessum bótum með fyrirvara um frádrátt vegna eigin sakar og tekjuviðmið samkvæmt 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Stefnandi skaut þessari ákvörðun stefnda til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum sem komst að þeirri niðurstöðu þann 26. janúar 2012 að rétt væri að skerða bótarétt stefnanda að 1/3 hluta. Í kjölfar þess, eða þann 28. febrúar 2012, og að kröfu stefnanda greiddi stefndi stefnanda bætur samtals að fjárhæð 452.211 kr., sem voru móttæknar fyrir hans hönd með sama fyrirvara um tekjuviðmið og sakarskiptingu og fyrri greiðsla.

Í stefnu kemur fram að stefnandi hafi verið 22 ára þegar slysið varð og að árin fyrir slysið hafi hann verið að hluta til í vinnu og að hluta til í námi. Hann hafi verið í matreiðslunámi, húsasmíðanámi og starfað við mannvirkjagerð. Stefnandi starfar nú sem verkamaður hjá pípulagningameistara og hyggur mögulega á nám á því sviði.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Varðandi meint stórkostlegt gáleysi:

Stefnandi telur að stefnda sé skylt að greiða honum fullar skaðabætur í samræmi við ákvæði skaðabótalaga nr. 50/1993 úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar [...]. Kröfu sína byggir stefnandi á XIII. kafla umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. einkum 92. gr.

Stefnandi telur að hann hafi ekki sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í aðdraganda slyssins þann 14. september 2007 líkt og stefndi hefur haldið fram og ennfremur að 90. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga eigi ekki við í máli hans. Stefnandi byggir á því að ákvæði 90. gr., sem og aðrar sambærilegar reglur um takmörkun ábyrgðar váttryggingafélaga, feli í sér undanþágu frá meginreglunni um bótarétt. Því beri að beita þröngri skýringu við túlkun á ákvæðinu samkvæmt viðteknum venjum við lögskýringar. Sé það í samræmi við dómaframkvæmd en dómstólar hafi beitt reglum sem þessum af varfærni og ekki nema ótvírætt liggi fyrir sönnun um stórkostlegt gáleysi. Stefnda sé því ekki heimilt að skerða bætur stefnanda á þessum grundvelli.

Þá byggir stefnandi á því að ljóst sé af íslenskri dómaframkvæmd og meginreglum váttryggingarréttar að stefnda beri í fyrsta lagi sönnunarbyrði fyrir þeirri fullyrðingu sinni að stefnandi hafi sýnt af sér háttsemi sem feli í sér stórkostlegt gáleysi og í öðru lagi, fyrir því að orsakasamhengi sé á milli þeirrar háttsemi og slyssins. Stefnandi telur að stefnda hafi ekki staðið undir þeirri sönnunarbyrði. Að því leyti vísar hann til þess að stefndi byggi afstöðu sína eingöngu á óljósum framburði vitna í frumskýrslu lögreglu. Engin sérstök rannsókn hafi farið fram á vettvangi, hvorki á ökuhraða í aðdraganda slyssins né á því hverjar voru ástæður þess að bifreiðin lyftist upp og valt. Liggi engin óyggjandi sönnunargögn um orsök slyssins fyrir, engir hraðaútreikningar, uppdráttir eða neitt þ.h. Þá hafi stefndi ekki sýnt fram á orsakatengsl milli háttsemi stefnanda og þess að hann missti stjórn á bifreiðinni, en eins og áður sagði telur stefnandi það hafa orsakast af lausamöl og brekku á veginum sem hann gat ekki vitað af. Stefnandi telur ennfremur að framburður vitna sé mjög óljós og tvíræður og mótmælir alfarið að byggt sé á þeim. Meint gáleysi hans sé því algerlega ósannað.

Stefnandi telur jafnframt að jafnvel þó að stefnda takist sönnun um að hann hafi sýnt af sér einhvers konar gáleysi í aðdraganda slyssins, geti það aldrei talist stórkostlegt. Hann bendir t.d. á að bifreið hans hafi ekki verið vanbúin að neinu leyti, ekki sé sýnt fram á að hann hafi ekið hátt yfir leyfðum hámarkshraða og aðstæður á slysavettvangi hafi verið mjög góðar. Hefðu aðstæður við veginn verið eins og stefnandi taldi, og líkt og venja er, hefði hann haft fullt vald á bifreiðinni. Ekkert hafi gefið tilefni til að stefnandi þyrfti að sýna sérstaka aðgát. Auk þess bendir hann á, að hann hafi ekki sýnt af sér neina glæfralega háttsemi. Hann hafi ætlað að aka yfir gatnamótin á grænu ljósi en þegar það breyttist í gult hafi hann orðið að gefa bifreiðinni lítillaga inn til að komast yfir. Það geti verið allt eins hættulegt, og jafnvel hættulegra, að snarhempla við gult ljós en að aka yfir gatnamót við aðstæður sem þessar og bendi hann í því sambandi á 2. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 34. gr. reglugerðar nr. 289/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra.

Varðandi árslaunaviðmið við útreikning bóta fyrir varanlega örorku:

Af hálfu stefnanda er á því byggt að við útreikning á bóttum fyrir varanlega örorku skuli meta árslauð hans sérstaklega í samræmi við 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 en ekki byggja á 1. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. má víkja frá meginreglu 1. mgr. ef fyrir hendi eru óvenjulegar aðstæður á síðastliðnum þremur almanaksárum sem leiða til þess að laun tjónþola á tímabilinu eru ekki réttur mælikvarði á líklegar framtíðartekjur hans.

Stefnandi telur ljóst að uppi séu óvenjulegar aðstæður í skilningi 2. mgr. 7. gr. í máli hans. Þau tekjuár sem miða ætti útreikning á bóttum fyrir varanlega örorku stefnanda við samkvæmt 1. mgr. 7. gr. gefa engan veginn raunhæfa mynd af tekjuöflunarhæfni stefnanda. Hann byggir ennfremur á því að samkvæmt lögskýringargögnum með 2. mgr. 7. gr. sé ekki ætlast til að orðin „óvenjulegar aðstæður“ í ákvæðinu séu túlkuð þröngt. Það sé t.d. nóg að um sé að ræða atvik sem hafi haft þau áhrif að tekjur tjónþola séu ekki þær sem hann hefði getað haft ef umrædd atvik hefðu ekki orðið.

Árin 2004 til 2006, sem miða ætti við samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993, var stefnandi ýmist í námi eða starfi. Hann var á þessum tíma 19 til 21 árs. Eftir grunnskóla var stefnandi þrjár annir í framhaldsskólanum Flensborg og nokkru síðar eina önn í Fjölbautaskóla Suðurlands. Eftir það var hann um fjóra mánuði við matreiðslunám og síðan um þrjár annir við nám í húsasmíði í Iðnskólanum í Hafnarfirði. Hann var í því námi þegar hann lenti í slysinu en varð að hætta því vegna afleiðinga slyssins þar sem þær ollu því að hann varð að hætta þátttöku í verklegum æfingum. Árið 2005 starfaði stefnandi m.a. nokkra mánuði sem verkamaður hjá Dekka ehf. við mannvirkjagerð. Það gerði hann einnig mikinn hluta ársins 2006 sem og hluta árs 2007. Síðarnefnda árið starfaði hann einnig við mannvirkjagerð hjá VA-verktökum ehf. Hann var svo í fæðingarorlofi hluta árs 2010. Frá því að slysið varð hefur hann stundað ýmis sambærileg störf en mest sem verkamaður hjá pípulagningameistara.

Stefnandi var óumdeilanlega ungur að árum þegar hann lenti í slysinu og hafði ekki lagt grunn að sérstökum starfsréttindum. Hann var þó orðinn 18 ára gamall. Samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerð miða matsmenn við að líklegt sé að úthald stefnanda til erfiðisvinnu sé lítillega skert vegna slyssins og meta þeir örorku hans 5% með hliðsjón af því. Stefnandi telur því eðlilegast að miða árslauð við útreikning á bóttunum við að hann hefði unnið einhvers konar erfiðisvinnu eða líkamleg störf líkt og matsmenn gera ráð fyrir. Það gerði hann fyrir slysið sem og eftir en auk þess hefur það nám sem hann hefur stundað verið undirbúningur fyrir líkamleg störf. Stefnandi byggir því á, með vísan til dómaframkvæmdar Hæstaréttar Íslands, að miða skuli við meðaltekjur verkamanna árið fyrir slysið auk móttframlags vinnuveitanda í lífeyrissjóð, við útreikning á varanlegri örorku.

Varðandi útreikning á kröfu stefnanda vísar hann einkum til 5.-7. gr. laga nr. 50/1993. Örorkuprósentu stefnanda, sbr. 5. gr. laganna, er eins og áður sagði 5%. Margfeldisstuðull stefnanda, samkvæmt 6. gr. laganna er 16,447 með hliðsjón af aldri hans þegar heilsufar hans varð stöðugt eftir slysið. Hagstofa Íslands heldur utan um meðallaun verkamanna og birtir á heimasíðu sinni. Heildarlaun þeirra á mánuði námu 311.000 kr. árið 2006 (eða 3.732.000 kr. á ári), Stefnandi telur að miða eigi útreikning á bóttum fyrir varanlega örorku við þessar launatekjur, uppreiknaðar samkvæmt launavísitölu, í samræmi við ákvæði skaðabótalaga, og að

viðbættu 8% framlagi vinnuveitanda í lífeyrissjóð. Samtals gera það 4.428.444 kr. Krafa stefnanda vegna varanlegrar örorku reiknast því með eftirfarandi hætti: $4.428.444 \times 16,447 \times 5\% = 3.641.730$ kr.

Óumdeilt er með aðilum að bætur fyrir þjáningar samkvæmt 3. gr. skaðabótalaga nemi 48.000 kr. og 456.600 kr. fyrir varanlegan miska samkvæmt 4. gr. laga nr. 50/1993. Heildarfjárhæð bóta nemur því 4.146.330 kr. (48.000 + 456.600 + 3.641.730). Gerð er krafa um þá fjárhæð úr hendi stefnda.

Krafa stefnanda vegna varanlegs miska og þjáningabóta ber 4,5% ársvexti vegna frá slysdegi, 14. september 2007 en krafan öll frá þeim degi er heilsufar hans í kjölfar slyssins varð stöðugt, eða frá 14. október 2007, í samræmi við 16. gr. laga nr. 50/1993. Þá ber krafa stefnanda dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi er mánuður var liðinn frá því að bótakrafa stefnanda var send stefnda, þ.e. 4. nóvember 2011, sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001, til greiðsludags.

Stefnda greiddi innborganir að fjárhæð 1.283.564 kr. þann 3. nóvember 2011 og 452.211 kr. þann 28. febrúar 2012 og tekur bótakrafa stefnanda mið af því.

Stefnandi styður kröfur sínar við ákvæði umferðarlaga nr. 50/1987, einkum 36. gr. og 92. gr. sem og við skaðabótalög nr. 50/1993, einkum 2.-7. gr. og 15. - 16. gr. Þá vísast einnig til reglugerðar nr. 289/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum, sérstaklega 34. gr. Varðandi dráttarvexti vísast til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, einkum 1. mgr. 6. gr. og 9. gr. Um varnarþing vísast til 33. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi málskostnaðarkröfu er vísað til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 og um virðisaukaskatt til laga nr. 50/1988.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi mótmælir alfarið öllum málsástæðum og lagarökum stefnanda og byggir hann málsvörn sína á lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, umferðarlögum nr. 50/1987, skaðabótalögum nr. 50/1993, almennum reglum skaðabóta- og váttryggingarréttar og lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála, eftir því sem við á.

Aðalkrafa

Stórkostlegt gáleysi

Samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður ökutækis tryggður sérstakri slysatryggingu sem bætir líkamstjón af völdum slyss sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækisins, enda verði slysið rakið til notkunar þess í merkingu 88. gr. laganna. Óumdeilt er að þessi slysatrygging var hjá stefnda.

Stefndi byggir á því að skilyrði 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 séu fyrir hendi í máli þessu þar sem stefnandi hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi í umrætt sinn og verði því að bera tjón sitt að hluta sjálfur. Telur stefndi að niðurstaða Úrskurðarnefndar í

vátryggingamálum um að skerða eigi bótarétt stefnanda um 1/3 sé rétt og af þeim sökum sé slysið að fullu bætt.

Stefndi telur að stefnandi hafi gert óvenjuleg og sérstök mistök við akstur bifreiðarinnar með þeim afleiðingum að hún tókst á loft og lenti á hvolfi utan vegar. Þessi mistök fólust fyrst og fremst í aksturslagi stefnanda í aðdraganda þess að bifreiðin tókst á loft. Í málinu er sannað að stefnandi ók vel yfir hámarkshraða inn í beygju yfir gatnamót. Áður en hann tók beygjuna gaf stefnandi í á gulu ljósi í stað þess að stöðva bifreiðina eins og honum bar, sem leiddi til þess að hann fór svo hratt yfir gatnamótin að bifreið hans tókst á loft á misfelli í veginum og valt. Á gatnamótunum var sérstök ástæða til þess að sýna aðgæslu og hægja á bifreiðinni í ljósi þess að akreinar á gatnamótunum liggja mishátt. Þá var bifreiðin með einn slitinn hjólbarða að framan sem að mati stefnda hafi aukið til muna hættu á slysi við svona aksturslag.

Með þessum mistökum sínum við akstur bifreiðarinnar hafi stefnandi brotið verulega þær skyldur sem á honum hvíla eftir reglum umferðarlaga, en að mati stefnda voru þessi mistök stefnanda svo óvenjuleg eða sérstök að jafna megi við stórkostlegt gáleysi.

Í þessu sambandi vill stefndi leggja áherslu á eftirfarandi;

1. Þar sem sannað er að bifreið stefnanda tókst á loft og lenti á hvolfi utan vegar með þeim afleiðingum að stefnandi varð fyrir því tjóni sem fram kemur í framlagðri matsgerð liggur fyrir að bifreiðinni var ekið langt yfir leyfilegum hámarkshraða, en alkunnugt er að bifreiðir takast ekki á loft nema þeim sé ekið mjög hratt.

Í lögregluskýrslu viðurkennir stefnandi beinlínis að hafa ekið á 80 kílómetra hraða á klukkustund km/klst. þegar hann tók beygjuna á gatnamótunum. Í sömu skýrslu kemur fram að hámarkshraði þessum á stað sé 60 km/klst. Þá er haft eftir vitnum að bifreið stefnanda hafi verið ekið frekar hratt og fremur hratt inn á gatnamótin.

Samkvæmt því liggur fyrir að stefnandi var a.m.k. 20 km/klst. yfir hámarkshraða þegar slysið átti sér stað. Með því gerðist stefnandi brotlegur við 36.-37. gr. laga nr. 50/1987, en að mati stefnda er svo mikill hraði umfram leyfilegan hámarkshraða varhugaverður og þar af leiðandi meiri háttar aðgæsluleysi sem jafna megi til stórkostlegs gáleysis í skilningi 90. gr. laga nr. 30/2004.

2. Hér skiptir miklu máli að slysið átti sér stað í beygju þar sem akreinar liggja mishátt. Við slíkar aðstæður mátti stefnanda vera ljóst að honum bar að aka vel undir leyfilegum hámarkshraða og að hraðakstur á þessum stað fæli í sér stórkostlega hættu fyrir hann sjálfan og aðra vegfarendur.

Í því sambandi bendir stefndi á að í framlagðri lögregluskýrslu kemur fram að akreinar á þessum gatnamótum liggja mishátt, akreinin með akstursleið í suður liggja mun hærra en akreinin með akstursleið í norður og því þurfi að hægja verulega á bifreiðum sem er ekið Vífilsstaðaveg á þessum gatnamótum. Þetta var sérstaklega rannsakað eins og þær ljósmyndir sem fylgja lögregluskýrslunni bera með sér.

Með vísan til þess telur stefndi að akstur á a.m.k. 80 km/klst. í þessari varhugaverðu beygju feli í sér alvarlegt brot á umferðarlögum nr. 50/1987 og þar af leiðandi stórkostlegt gáleysi, sérstaklega í ljósi þess að í c-lið 2. mgr. 36. gr. laganna segir að sérstök skylda hvíli á ökumanni að aka nægilega hægt miðað við aðstæður við vegamót og í beygjum. Ljóst er að stefnandi hundsæði þessa reglu algjörlega sem að mati stefnda er stórkostlegt gáleysi þegar tekið er tillit til aðstæðna.

3. Í lögregluskýrslu er haft eftir stefnanda að hann hafi gefið í þegar umferðarljósinn sýndu gult og í stefnu segir að stefnandi hafi verið kominn að gatnamótunum þegar umferðarljósinn fóru úr grænu og yfir í gult ljós. Þannig er sannað að stefnandi jók hraða bifreiðarinnar áður en hann tók beygjuna í stað þess að nema staðar eins og honum bar að gera miðað við þau merki sem umferðarljósinn gáfu honum þegar hann kom að gatnamótunum, en stefndi telur að þetta aksturslag hafi einnig orsakað tjón stefnanda.

Að mati stefnda er hér um að ræða alvarlegt brot á 5. mgr. 34. gr. reglugerðar um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995, sem sett er með stoð í umferðarlögum, en þar segir að gult ljós eitt sér merki að numið skuli staðar, það gefi til kynna að brátt skipti yfir í rautt ljós en hafi að öðru leyti sömu merkingu og rautt ljós. Rautt ljós merkir að nema skuli staðar, ökutæki skuli stöðvað áður en komið er að stöðvunarlínu eða, ef stöðvunarlínu vantar, umferðarljósastólpa. Með vísan til þess bar stefnanda að stöðva bifreiðina um leið og hann kom að stöðvunarlínu eða umferðarljósastólpa þegar umferðarljósinn sýndu gult ljós í stað þess að gefa í og auka með því hraðann um 20 km/klst.

Ósannað er að stefnandi hafi verið kominn það langt fram í beygjuni að stöðvun við gult ljós mundi hafa haft í för með sér hættu. Þá er ósannað að einhver hætta hefði skapast fyrir aðra vegfarendur ef stefnandi hefði farið eftir því gula ljósi sem kom á umferðarljósinn þegar hann var að koma að þeim og stöðvað bifreiðina.

4. Þá bendir stefndi á að í nefndri lögregluskýrslu kemur fram að einn hjólbarði bifreiðarinnar, hægra megin að framan, var ósamstæður hinum og þar að auki slitinn. Slíkt hefur eins og alkunna er veruleg áhrif á það hvort bifreið nær veggripi í beygjum eða ekki, sérstaklega þegar ekið er hratt, en þetta mátti stefndi vita og taka tillit til þegar hann kaus að auka hraðann um 20 km/klst. í beygju þar sem akreinar liggja mishátt. Með því braut stefnandi skyldur sínar eftir 59. gr. laga nr. 50/1987. Að mati stefnda verður ekki komist hjá því að taka tillit til þess við mat á gáleysi stefnanda í þessu máli.

5. Stefndi leggur áherslu á að þær skyldur sem reglur umferðarlaga leggja á ökumenn bifreiða hafa það að markmiði að tryggja öryggi vegfarenda og forðast muna- og líkamstjón. Af þeim sökum hefur það mikla þýðingu við sakarmat hvort eftir þessum reglum er farið eða þær brotnar, eins og gert var í þessu máli. Er ljóst að reglur umferðarlaga um hámarkshraða í þéttbýli, hvernig haga á akstri í við vegamót, í beygjum og við umferðarljós eru sértækar reglur sem leiðir til þess að þær hafa mjög mikla þýðingu við sakarmatið. Af þeim sökum telur stefndi að veruleg brot á þeim, eins og átti sér stað í þessu máli, sé svo sérstakt og óvenjulegt gáleysi að það geti talist stórkostlegt í skilningi 90. gr. laga nr. 30/2004.

6. Því er alfarið mótmælt sem röngu og ósönnuðu að orsök slyssins hafi verið sú að stefnandi ók út í lausamöl báðum megin við akstursbraut hans þegar hann var kominn yfir gatnamótin og að bifreiðin hafi rekist með hægra afturhjólarða í malarstall í brekku við veginn með þeim afleiðingum að frampartur bifreiðarinnar lyftist lítillaga upp frá jörðu og valt svo hálfan hring. Þessi lýsing á atvikum slyssins á sér enga stoð í gögnum málsins, en að mati stefnda er lýsing stefnanda sjálfs á atvikum slyssins á matsfundi tæplega fjórum árum eftir slysið engin sönnun fyrir því hvernig það átti sér stað og hnekkir ekki þeirri lýsingu sem er að finna í því samtímagagni sem óháð lögregluskýrsla er.

Árslaunaviðmið við útreikning bóta fyrir varanlega örorku

Þá mótmælir stefndi því að við útreikning á bótum fyrir varanlega örorku skuli meta árslaun stefnanda sérstaklega í samræmi við 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 þar sem skilyrði greinarinnar eigi við um hann. Þvert á móti skal samkvæmt dómafrankvæmd miða við lágmarkslaunaviðmið 3. mgr. 7. gr. laganna þegar tjónþoli er í námi þegar hann verður fyrir slysi. Á bls. 3 í matsgerð dags. 5. ágúst 2011 segir að eftir að stefnandi lauk grunnskóla stundaði hann nám í framhaldsskólum með hléum. Hann hafi verið í um þrjár annir í Flensborg og nokkru síðar eina önn í Fjölbrautarskóla Suðurlands. Eftir það um fjóra mánuði við matreiðslunám og síðan um þrjár annir við nám í húsasmíði í Iðnskólanum í Hafnarfirði og var hann í því námi þegar hann lenti í slysinu auk þess sem hann hafi eitthvað unnið með náminu.

Gögn málsins bera með sér að námslok stefnanda voru ekki fyrirséð þegar hann lenti í slysinu, ekki var ljóst á þessum tíma hvaða fag yrði fyrir valinu og að stefnandi hafi ekki nema að litlu leyti nýtt vinnugetu sína á vinnumarkaði árin fyrir slysið þar sem hann var við nám. Af þeim sökum byggir stefndi á því að miða eigi við lágmarkslaunaviðmið 3. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 í útreikningi á bótum fyrir varanlega örorku, eins og gert er í framlögðum bótauppgjörum stefnda.

Nánar tiltekið var miðað við 1.997.500 kr. í árstekjur x 16,447 x 5% eða 1.642.644 kr. í bætur fyrir varanlega örorku án sakarskiptingar.

Er með öllu ósannað að skilyrði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 séu fyrir hendi í þessu máli, en sönnunarbyrðin um að þessi undantekning eigi við hvíli alfarið á stefnanda. Hefur Hæstiréttur staðfest í dómum sínum að miða eigi við lágmarkslaun 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga þegar um námsmenn sem eiga langt eftir í námi sínu sé að ræða.

Varakrafa.

Komi til þess að fallist verði á að miða eigi við undantekningu 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga krefst stefndi þess að miðað verði við meðallaun verkafólks en ekki verkakarla eins og stefnandi gerir. Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar voru meðallaun verkafólks árið 2006 290.000 kr. á mánuði eða 3.480.000 kr. á ári. Að

viðbættu 7% framlagi vinnuveitanda í lífeyrissjóð voru þessi árslaun 3.723.600 kr. Samkvæmt því telur stefndi að bætur fyrir varanlega örorku stefnanda án sakarskiptingar skuli reiknast svona; $3.723.600 \text{ árslaun} \times 16.447 \times 5\% = 3.062.102 \text{ kr.}$ Tekur útreikningur á tjóninu þá breytingum í samræmi við það.

Þá krefst stefndi þess að honum verði ekki gert að greiða dráttarvexti frá fyrri tíma en dómsuppsögu. Ef ekki er fallist á það telur stefndi að ekki eigi að koma til greiðslu dráttarvaxta fyrr en mánuði eftir að álit Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum lá fyrir, sem var 26. janúar 2012, sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Með vísan til þess telur stefndi til vara að ekki eigi að reikna dráttarvexti fyrr en frá 26. febrúar 2012.

Krafa stefnda um að stefnandi greiði honum málskostnað er byggð á 129.-130. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstaða

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum bætur úr slysatryggingu öikumanns vegna bifreiðar sinnar [...] og byggir kröfu sína á 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Ágreiningur málsaðila varðar það hvort stefnandi hafi í umrætt sinn sýnt af sér stórkostlegt gáleysi er leiða eigi til skerðingar á bótarétti hans, við hvaða árslaun eigi að miða útreikning á bótum vegna varanlegrar örorku og upphafstíma dráttarvaxta.

Stefndi byggir á því, með vísan til 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, að stefnandi hafi með aksturslagi sínu í umrætt sinn sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og eigi því að bera hluta af tjóni sínu sjálfur. Stefnandi hafi þegar fengið tjónið bætt að 2/3 hlutum og teljist það vera að fullu bætt.

Stefndi ber sönnunarbyrði fyrir því að stefnandi hafi sýnt af sér slíkt gáleysi að það leiði til skerðingar á bótarétti stefnanda. Með vísan til eðlis þeirrar váttryggingar sem um er fjallað í þessu máli þykir 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 eiga við en ekki 1. mgr. 90. gr. sömu laga. Skilyrði ákvæðanna fyrir því að ábyrgð váttryggjanda sé lækkuð eða felld niður eru efnislega þau sömu og kemur röng lagatilvísun því ekki að sök hvað málatilbúnað stefnda varðar.

Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. ber við úrlausn þess hvort viðkomandi hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi að líta til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna, sem hann hafði sjálfviljugur neytt, eða til atvika að öðru leyti. Stefnandi byggir á því að stefnandi hafi ekki farið eftir gildandi varúðarreglum og það hafi valdið tjóninu. Hann hafi ekið um gatnamótin á meira en leyfilegum hámarks hraða þrátt fyrir að þar hafi verið sérstök ástæða til að gæta varúðar, einnig vegna þeirrar mishæðar sem var á veginum. Þannig hafi hann brotið gegn c-lið 2. mgr. 36. gr. laga nr. 50/1987. Jafnframt hafi hann brotið gegn 5. mgr. 34. gr. reglugerðar nr. 289/1995 er hann jók hraðann í stað þess að stöðva bifreiðina þegar umferðarljós í akstursstefnu hans fór úr grænu í gult.

Af málgögnum og skýrslu stefnanda og vitna við aðalmeðferð málsins má ráða að í akstursstefnu stefnanda, þegar komið var yfir gatnamótin, hafi vegurinn legið í beygju og að á gatnamótunum hafi verið mishæð á veginum. Stefnandi byggir á því að ástæða þess að bifreiðin valt hafi verið sú að þegar hann var kominn yfir gatnamótin og hafi verið við það að rétta bifreiðina af hafi hann rekið hægra afturhjólíð í malarstall í brekku sem hafi verið á veginum í akstursstefnu hans. Var helst að skilja af stefnanda í skýrslu hans fyrir dómi að hér væri átt við lausamöl í vegkanti. Við þetta hafi framtur bifreiðarinnar lítillaga lyfst frá jörðu og svo oltið hálfan hring. Þá mótmælti stefnandi því í skýrslu sinni við aðalmeðferð málsins að bifreiðin hafi verið á slitnum sumarhjólbarða hægra megin að framan, eins og fram kemur í lögregluskýrslu, heldur sagði hann hana hafa verið á fjórum nýlegum heilsárshjólborðum. Stefnandi byggir á því að alkunna sé að slit hjólbarða hafi áhrif á það hvort bifreið nær veggripi eða ekki.

Ekki er um það deilt að mishæð er á veginum. Meðal málgagna eru ljósmyndir af gatnamótunum og má þar greina að akreinarnar eru misháar. Ekki liggja hins vegar fyrir aðrar upplýsingar um það hvernig mishæðin var, t.d. hversu há, en gatnamótunum hefur nú verið breytt. Ekki liggja heldur fyrir upplýsingar um að rannsakað hafi verið hvort mól hafi verið á veginum eða í vegkanti sem gæti hafa haft áhrif á akstur bifreiðarinnar. Þá liggja heldur ekki fyrir upplýsingar um möguleg áhrif mishæðarinnar á akstur m.v. mismunandi hraða, aksturslag eða ástand hjólbarða. Einu upplýsingarnar sem fyrir liggja um tildrög slyssins koma úr lögregluskýrslu og frá stefnanda og þeim tveimur vitnum sem auk stefnanda gáfu skýrslu við aðalmeðferð málsins. Annars vegar var það vitnið B en hann bar um það, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, að bifreið stefnanda hefði verið ekið hratt og hafi hún stökkið allt að metra upp áður en hún valt. Stefnandi hefur sjálfur borið um að hafa í umrætt sinn ekið á um 80 km/klst. eða um 20 kílómetrum hraðar en leyfilegur hámarkshraði er. Hitt vitnið, C, bar fyrir dómi að stefnandi hefði ekki náð beygju eftir að hafa lent á misfelli og tekist á loft. Verður því við það miðað að atvik hafi orðið með þeim hætti að bifreið stefnanda hafi oltið eftir að hafa lent á mishæðinni. Óumdeilt er að engar aðvarandi voru vegna mishæðarinnar. Í 2. mgr. 36. gr. laga nr. 50/1987 er lögð sú skylda á ökumenn að gæta varúðar þegar ekið er um gatnamót og í beygju. Þá er samkvæmt 5. mgr. 34. gr. reglugerðar nr. 289/1995 ekki fortakslaun skylda til að stöðva bifreið þegar umferðarljós í akstursstefnu bifreiðar breytast úr grænu í gult. Ekki hefur af hálfu stefnda verið sýnt fram á að aðstæður hafi verið þannig í umrætt sinn að stefnanda hafi borið að stöðva bifreiðina á gulu ljósi fremur en að aka áfram yfir gatnamótin. Hins vegar verður að telja að stefnandi hafi ekki gætt að þeim reglum að hægja á sér við gatnamót og í beygju þegar hann ók yfir leyfilegum hámarkshraða yfir gatnamótin í stað þess að hægja á sér. Stefnandi sýndi því af sér gáleysi við aksturinn en það þykir þó ekki hafa verið stórkostlegt og ósannað að það hafi orsakað slysið. Þá þykir ósannað að aksturshraði og ástand hjólbarða bifreiðarinnar hafi orsakað slysið og ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að stefnandi hafi mátt gera sér grein fyrir mishæðinni á veginum og þeim áhrifum sem hún kynni að hafa á aksturinn. Með hliðsjón af framangreindu þykir ósannað að stefnandi hafi sýnt að sér stórkostlegt gáleysi í umrætt sinn og eru því ekki rök til að skerða bótarétt hans af þeirri ástæðu.

Stefnanda hafa þegar verið greiddar bætur vegna varanlegrar örorku á grundvelli niðurstöðu Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum, þ.e. að 2/3 hlutum, og var við ákvörðun bóta miðað við lágmarkslaun samkvæmt 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr.

50/1993. Stefnandi byggir á því að við greiðslu bóta skuli miða við 2. mgr. 7. gr. sömu laga og árslaun til viðmiðunar metin sérstaklega vegna óvenjulegra aðstæðna og byggir hann kröfu sína á meðallaunum verkamanna árið fyrir slysið.

Stefnandi var 22 ára þegar slysið varð. Þrjú síðustu almanaksár fyrir slysið, þ. e. árin 2004 til 2006 var hann ýmist í námi eða starfi og þegar slysið varð var hann við nám í Iðnskólanum í Hafnarfirði en ekki liggur fyrir hve langt hann var þá kominn með námið. Eftir slysið hafi hann stundað ýmis störf, lengst af sem verkamaður hjá pípulagningameistara, og hyggur hann mögulega á nám á því sviði. Enn er því óljóst hvert starfssvið hans verður í framtíðinni. Með hliðsjón af þessu þykir stefnandi ekki hafa rökstutt með fullnægjandi hætti að aðstæður stefnanda hafi verið óvenjulegar síðustu þrjú árin fyrir slys og ætla megi að annar mælikvarði sé réttari á framtíðartekjur hans. Verður því ekki fallist á að skilyrði 2. mgr. 7. gr. séu fyrir hendi við útreikning á bótum til stefnanda og verður því við útreikning örorkubóta miðað við 3. mgr. 7. gr. Ekki er ágreiningur um fjárhæð miska- og þjáningarbóta.

Með vísan til ofangreindar niðurstöðu er stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 2.147.244 kr. auk vaxa og dráttarvaxta eins og nánar greinir í dómsorði en upphafstími dráttarvaxta er miðaður við það tímamark er mánuður var liðinn frá því að stefnandi setti fram kröfu sína gagnvart stefnda á grundvelli matsgerðar. Frá þessu eru dregnar innborganir, annars vegar frá 3. nóvember 2011 að fjárhæð 1.283.564 kr. og hins vegar frá 28. febrúar 2012 að fjárhæð 1.283.564 kr.

Eftir þessari niðurstöðu og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 19/1991 ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn 519.766 kr., þar með talin þóknun lögmanns stefnanda, Tinnu Bjarkar Gunnarsdóttur hdl., 500.000 kr., og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts og útlagðs kostnaðar að fjárhæð 19.766 kr.

Vegna anna dómara hefur uppkvaðning dóms dregist fram yfir frest samkvæmt 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991. Aðilar og dómari málsins töldu ekki að þörf á að málið yrði flutt að nýju vegna þess.

Af hálfu stefnanda flutti málið Tinna Björk Gunnarsdóttir hdl. og af hálfu stefnda flutti málið Jón Edvald Malmquist hdl.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir, settur héraðsdómari, kvað upp dóminn.

D Ó M S O R Ð

Stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., greiði stefnanda, A, 2.147.244 kr. með 4,5% ársvöxtum af 504.600 kr. frá 14. september 2007 til 14. október 2007, af 2.147.244 kr. frá þeim degi til 4. nóvember 2011 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 1.283.564 kr. sem stefndi greiddi þann 3. nóvember 2011 og 452.211 kr. þann 28. febrúar 2012.

Stefndi greiði stefnanda 519.766 kr. í málskostnað.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir